

Starfsleyfi

fyrir Prímex ehf., kítósanverksmiðju , Siglufirði.

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Prímex ehf., kítósanverksmiðju, Siglufirði, kennitala 681197-2819 . Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfi verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.2. Lýsing á starfseminni

Verksmiðjunni er heimilt að framleiða kítín og kítósan úr rækjuúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðuð, að framleitt verði **500 tonn af kítósan á ári**. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fyrirtækisins.

1.3. Umhverfi

Fyrirtækið skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Ekki skal geyma vélarhluta eða annað lauslegt á víðavangi og fiskúrgang skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir við verksmiðju og plön við verksmiðjudyr skulu lögð bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi.

1.4. Breytingar á rekstri

Fyrirtækið skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Á grundvelli þess metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Ef rekstur verksmiðjunnar er stöðvaður tímabundið skal fyrirbyggja mengun af völdum hráefnisúrgangs eða afurða. Hætti fyrirtækið framkvæmdum og/eða starfssemi á gildistíma starfsleyfis þessa skal fyrirtækið skila spilliefnum og öðrum úrgangi til þar til bærra aðila, fjarlægja hættuleg efni og ganga frá lóð, efnum, vélum, tækjum og búnaði sem tengjast starfsseminni í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Sama gildir við lok starfsleyfis verði það ekki framlengt eða fellt úr gildi. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

1.6. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta sem ekki var áður ljós, skal Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, halda fund með fyrirtækinu og leita leiða til úrbóta. Í framhaldi af því. skal fyrirtækið, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Einnig skal endurskoða starfsleyfið ef fram koma nýjar

reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal fyrirtækið sækja um nýtt starfsleyfi.

1.7. Grænt bókhald

Fyrirtækið skal færa grænt bókhald og er fyrsta bókhaldsár árið 2003. Skila skal árlega niðurstöðum þess til Umhverfisstofnunar og er fyrsti skiladagur **1. júní 2004**.

1.8. Mengunarvarnir

Fyrirtækið skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir þar sem hún hefur verið skilgreind og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Fyrirtækið hefur frest til **31. okt. 2007** til þess að koma þessu í framkvæmd sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

2. GEYMSLA OG MEÐFERÐ HRÁEFNIS

2.1. Hráfnisgeymslur

Rækjuskel skal geymd í yfirbyggðum og þéttum geymslum. Strax og hráfnisgeymsla hefur verið tæmd skal þrifa hana. Tæming hráfnisgeymslna skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan athafnasvæðis er óheimill.

2.2. Meðhöndlun rækjuskeljar

Lykt frá hráfnisgeymslum, flutningstækjum og vinnslu skal takmörkuð eins og mögulegt er. Ekki skal vinna rækjuskel eldri en á fjögurra daga, nema skelin hafi verið meðhöndluð sérstaklega til að auka geymsluþol hennar. Sé geymsluþol rækjuskeljarinnar aukið t.d. með þurrkun eða frystingu, skal ákveðið í samráði við eftirlitsaðila hve lengi má geyma hana. Rækjuskel sem ekki er hæf til vinnslu skal farga strax á viðurkenndan hátt.

2.3. Flutningstæki

Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á rækjuskel skulu vera lokuð og þétt. Flutningstæki skulu vandlega þriffin strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal sameinað frárennsli verksmiðjunnar.

2.4. Geymsla ætandi efna

Saltsýru og vítissóða skal geyma í þar til gerðum hráfnisgeymslum. Geymsla fyrir vítissóða skal vera yfirbyggð og þétt. Allar lagnir fyrir vítissóða í upplausn skulu vera þéttar. Frá hráfnisgeymslum skal þannig gengið að þær séu lokaðar og læstar og óviðkomandi bannaður aðgangur að þeim. Umhverfis birgðatanka saltsýru skal vera sérstök safnþró úr sýruheldu efni sem getur tekið við allt að 110% af innihaldi þeirra.

3. FRÁRENNSLI

3.1. Fráveitulögn

Leiða skal frárennsli út fyrir löndunarbryggju, hleypa því út við botn og tryggja að ekki verði mengun af völdum þess. Ef útrás frárennslis stenst ekki kröfurnar sem tilgreindar eru í 3.2 gr.

skal fyrirtækið, innan eins mánaðar frá staðfestingu þess, gera áætlun um það hvernig dregið skuli úr mengun í samráði við Umhverfisstofnun. Áætlun getur t.d. falist í að lengja frárennslisrör og leggja það á meira dýpi.

3.2. Útrás frárennslis

Fyrirtækið skal sjá til þess að frágangur við útrás sé þannig að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- ekki myndist set eða útfellingar
- ekki myndist þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
- ekki sjáist olía eða froða
- ekki sjáist sorp eða aðrir aðskotahlutir
- efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi verði takmörkuð eins og kostur er

3.3. Sýrustig frárennslis

Sýrustig frárennslis skal að jafnaði vera á bilinu pH 6-10. Sýrustig frárennslis má fara 5% af rekstrartíma yfir pH 10 en ávallt vera lægra en 11,5. Sýrustig skal stöðugt mælt og skal eftirlitsaðili hafa fullan aðgang að þeim gögnum.

3.4. Hreinsibúnaður

Frárennslis verksmiðjunnar skal hreinsa í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Lágmarkshreinsun skal felast í fellingu eða síun en einnig skal fyrirtækið vinna að áætlun um vinnslu á próteini sem nú er losað í fráveitu. Þegar niðurstöður mælinga á heildarlosun verksmiðjunnar á mengandi efnum skv. 4.1 gr. liggja fyrir getur Umhverfisstofnun sett losunarmörk á frárennslis. Ennfremur getur stofnunin gert viðbótarkröfur ef niðurstöður umhverfismælinga skv. 4.2-4.3 gr. sýna umtalsverð áhrif á lífríki.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

3.5. Annað frárennslis

Skólþ frá hreinlætisaðstöðu og mótuneyti skal leitt í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

4. MÆLINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

4.1. Mælingar á heildarlosun

Gera skal eftirfarandi mælingar á frárennslis verksmiðjunnar:

- **Rennslismælingar** í frárennslislögnum verksmiðjunnar og skulu mælingar ná yfir a.m.k. einn sólarhring. Við ákvörðun á heildarmagni mengandi efna skal miða við meðalrennslis yfir sólarhring.
- Samsetningu safnsýna úr frárennslis sem tekin eru samhliða rennslismælingum. Mæla skal magn lífrænna efna (COD/TOC) og svífefni.

Mælingarnar skulu fara fram þegar eðlileg vinnsla er í verksmiðjunni og skulu gerðar 2-4 mælingaraðir. Fyrirtækið skal skila niðurstöðum mælinga, ásamt mati á heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni, til Umhverfisstofnunar fyrir **1. janúar 2004**.

4.2. Mælingar á viðtaka

Mælingar á viðtaka skulu fara fram einu sinni á ári. Tekin skulu sýni á a.m.k. 3 mælistöðvum auk bakgrunnsstöðvar. Mælistöðvar og bakgrunnsstöð skulu ákveðnar í samráði við eftirlitsaðila. Mæla skal magn lífrænna efna (COD/TOC), svifefni, köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalsíum (Ca). Skýrsla, þar sem fram kemur mat á niðurstöðum mælinga, skal send eftirlitsaðila fyrir **1. janúar** árið eftir.

4.3. Botnrannsóknir

Fyrirtækið skal láta fara fram rannsóknir á áhrifum frárennslis á botn við útrás eftir 3-4 ár frá gildistöku starfsleyfisins og skal tekið mið af niðurstöðum úr fyrri botnrannsóknum. Tekin verði botnsýni á 3 mælistöðvum, þeim sömu og í 4.2 gr., til að lýsa botngerðinni (samsetningu lífvera). Nánari útfærsla skal ákvörðuð í samráði við eftirlitsaðila. Á grundvelli niðurstöðu rannsóknarinnar verður tekin ákvörðun um hvort þörf sé frekari rannsókna.

5. ÚRGANGUR

5.1. Meðferð úrgangs

Fyrirtækið skal gera áætlun um meðferð úrgangs sem fellur til hjá fyrirtækinu. Skrá skal allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang. Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

5.2. Almennur úrgangur

Almennan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal flokka og skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang.

5.3. Spilliefni

Spilliefnum sem verða til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI

6.1. Notkun hættuminni efna

Efni sem notuð eru þannig að hætta sé á að þau valdi mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi með efnum sem eru minna skaðleg.

6.2. Hávaði

Hávaði í nærliggjandi íbúðabyggð skal vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

6.3. Tilkynning vegna mengunarslysa og bilana

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Einnig skal tilkynna Umhverfisstofnun um slík tilfelli ef hætta er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

6.4. Viðbragðsáætlun

Fyrirtækið skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðrar mengunar og skal hún vera aðgengileg eftirlitsaðila. Áætlunin skal fela í sér aðgerðir vegna efnaleka eða annarrar mengunar og hvernig farið skuli með úrgang sem er óhæfur til vinnslu eða sem ráðstafa þarf vegna rekstrarstöðvunar. Heimilt er að urða rækjuúrgang á stað sem Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra hefur samþykkt og í samræmi við reglur sem það setur í samráði við Umhverfisstofnun.

6.5. Eftirlit

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra annast eftirlit með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér reglubundnar skoðanir árlega þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun efnna í vatn, loft eða jarðveg ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Vegna sérstakra úttekta í samræmi við áætlun sem fyrirtækið gerir um úrbætur.

6.6. Skráningar

Fyrirtækið skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efnna út í umhverfið. Það skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
- Magn hráefnis sem ekki hefur verið hæft til vinnslu og urðað.
- Tæmingu fasts úrgangs úr hreinsibúnaði ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar á móttöku hans.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

7. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er í flokki 2 skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrirtækið greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem Umhverfisráðherra setur. Vegna viðbótareftirlits greiðist sérstakt gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

8. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til **1. feb. 2015**. Starfsleyfi verksmiðjunnar frá 30. apríl 1998 fellur úr gildi við útgáfu starfsleyfis þessa.

9. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

9.1. Hreinsun frárennslis

Ákvæði 3.4 gr. um hreinsibúnað frá vinnslu skal koma til framkvæmda ekki síðar en **1. janúar 2005**.

Reykjavík 20. febrúar 2003

Umhverfisstofnun